

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Kvistaborg

2018 – 2019



Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.

Vera framsækið forystuafli í skóla- og frístundastarfi.



Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla	4
Leiðarljós leikskólans: Hugrekki, hlýja, hlustun og hvatning	5
1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári	5
2 Um innra mat í leikskólum	8
2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Víðilundar um starfið á síðasta ári.....	9
2.2 Stutt greinargerð deildarstjóra Birkilundar um starfið á síðasta ári.....	11
2.3 Stutt greinargerð deildarstjóra Reynilundar um starfið á síðasta ári.....	13
2.4 Innra mat á ýmsum sameiginlegum verkefnum Kvistaborgar þvert á deildir (rauða taflan frá síðasta ári) og úr starfsmannasamtölum.....	15
3 Ytra mat	17
4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári	18
5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.	19
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	21
7 Foreldrasamvinna	23
8 Samstarf leik- og grunnskóla (Stutt um helstu áherslur í samstarfi skólanna).....	24
9 Skipulagsdagar 2018-2019	24
10 Fylgigögn.....	25
10.1 Matsgögn - Fylgiskjal nr. 1	25
10.2 Skóladagatal – Fylgiskjal nr. 2	25
10.3 Jafnréttisáætlun Kvistaborgar nr. 3	25
10.4 Verkefni Kvistaborgar – Fylgiskjal nr.4	25
10.5 Salur – Tónlist yfirlit – Fylgiskjal nr. 5	25
10.6 Langtímaáætlun – innra mat – Fylgiskjal nr. 6	25
10.7 Umsögn foreldraráðs – fylgiskjal nr. 7.....	25

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, skóladagatal birt og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera þróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, skipulag, leiðir að markmiðunum og hlutverk starfsfólks.
- Áætlun um hvernig markmiðin verða metin og hvernig og hvort þeim hefur verið náð.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Leiðarljós leikskólans: Hugrekki, hlýja, hlustun og hvatning

1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Á vordögum 2017 komu í ljós alvarlegar skemmdir í húsnæði Kvistaborgar. Í fyrstu var talið að um staðbundnar mygluskemmdir væri að ræða og var gert við þær. Eftir það var farið í allsherjarúttekt á húsnæðinu í sumarlokun 2017 og kom þá í ljós að myglu var að finna á fleiri stöðum. Í hönd fóru fram miklar viðgerðir, og framkvæmdir stóðu yfir í margar vikur, langt fram á haust 2017. Við opnuðum skólann í byrjun ágúst eftir sumarfrí og vorum fyrstu vikurnar í Hvassaleitisskóla með alla starfsemina. Börn að hætta, ný börn í aðlögun og nýir starfsmenn að byrja, alltaf fullur rekstur. Þegar við misstum aðstöðuna í Hvassaleitisskóla um mánaðarmótin ágúst/september, gátum við flutt 2/3 af börnunum í Kvistaborg en 1/3 hafði aðsetur í Bústaðarkirkju fram í október. Þau voru þó með annan fótinn í Kvistaborg, notuðu leiksvæði og sameiginleg rými skólans, en dvöldu í húsnæði kirkjunnar eftir hádegi. Í stuttu máli þá var grettistaki lyft, í mjög erfiðum aðstæðum og er einstökum starfsmönnum og styðjandi foreldrum því að þakka að vel tókst til. Þetta var mjög erfiður tími en það stóðu allir saman. Eftir að framkvæmdum lauk hófst mikil tiltekt á húsbúnaði og endurnýjun hans sem var mjög til bóta fyrir börn og starfsaðstæður kennara.

Vinnueftirlitið mætti í sitt reglubundna eftirlit og gerði þó nokkrar athugasemdir. Í framhaldi af úttekt Vinnueftirlitsins gerðu stjórnendur Kvistaborgar áhættumat og aðgerðaráætlun. Endurbótum er að mestu lokið. Það sem stendur út af er hátt þrep frá leikfangaskúr niður á lóð og lagfæring á skiptiborði á Víðilundi og hvoru veggja er í vinnslu. Rétt er að taka fram að engin hætta stafar af þessu, heldur snýr þetta að vinnuaðstöðu kennara sem verður lagað.

Starfsmannastöðuleiki er nokkur, en það eru alltaf einhverjar breytingar og verkefni til að takast á við. Yfirleitt eru þetta sömu stöðurnar sem hreyfast, þ.e. að starfsmenn eru ráðnir til skamms tíma, allt frá 2 mánuðum upp í ár og þá þarf að endurráða. Einn leikskólakennari var í langtímaveikindum frá nóvember 2017 og er enn frá, tveir leikskólakennarar komust á 95 ára regluna og gátu minnkað við sig vinnu á móti lífeyri og fóru báðir í 49,9% starf.

Starfsmenn sem hættu árinu:

- Ásrún Óskarsdóttir
- Hartmann Helgi Sigurðsson
- Steinunn Ingibjörg Pétursdóttir
- Sigríður Arna Lund
- Ólafur Þórðarson

Nýir starfsmenn

- Valgerður Margrét Briem
- Guðný Jónsdóttir
- Erling Hugi Másson
- Ólöf Filippusdóttir
- Svandís Pálína Kristiansen



Sumarstarfsmenn

- Snærún Tinna Torfadóttir
- Karitas Ólafsdóttir
- Eva Margrét Jónsdóttir

Barnahópurinn

Lítil hreyfing var á barnahópnum. 66 börn voru í Kvistaborg þennan vetur, tvö börn hættu um áramótin og það þriðja í mars. Á móti þeim byrjuðu tvö börn um áramótin. 18 börn voru í útskriftarhópi að auki hættu tvö börn árinu yngri sem fóru í Ísaksskóla. Fyrir næsta skólaár fækkar börnum úr 66 niður í 64 börn, samkvæmt ákvörðun borgarráðs.

Jafnari kynjahlutföll

Kvistaborg er einn af þremur vinnustöðum borgarinnar í verkefni sem vinnur að jafnari kynjahlutföll. Mannauðsskrifstofa Reykjavíkurborgar heldur utan um verkefnið, sem stendur frá 2017-2019. Starfsmenn fá fræðslu og starfsaðstæður eru skoðaðar með kynjagleraugum.

Barnaheill

Vináttuverkefnið frá Barnaheill var tekið í notkun skólaárið 2017-2018 og allir starfsmenn fóru á námskeið.

Vanda Sigurgeirsdóttir

Hélt námskeið fyrir kennara um samskipti, félagsfærni og einelti meðal barna og færði okkur verkfæri til að meta barnahópin og samskipti innan hans og einnig á milli kennara. Unnið er sérstaklega með þau börn sem koma illa út úr því mati. Við finnum þau börn sem er „hafnað“ eða eru „týnd“ og styðjum þau sérstaklega í félagahópnum.

Lubbi finnur málbein

Tveir starfsmenn fluttu erindi á Lubbaráðstefnu um Lubbastarf í Kvistaborg. **Nýtt:** Við erum alltaf að bæta starfið með Lubba og til að tryggja það að allir vinni með sama stafinn í viku hverri þá var ákveðið að setja planið inn í skóladagatalið og útbúa kynningarspjald fyrir hverja deild til að upplýsa foreldra svo að þeir geti fylgst með.

Miðja máls og læsis

Var með nýliðafræðslu um málþroska og málumhverfi barna, fyrir starfsmenn haustið 2017

Stærðfræðilæsi

Sameiginlegur fyrirlestur fyrir kennara og foreldra allra skóla í Fossvoginum, Kvistaborgar, Furuskógar og Fossvogsskóla. Fyrirlesari, Jónína Vala Kristinsdóttir frá menntavísindasviði.

Grænfáni

Á haustdögum 2017 fengum við þriðja fánann okkar afhentan við hátíðlega athöfn í garðinum okkar.

Samstarf við Víking

Víkingur hefur í tvö ár boðið elstu börnum okkar í íþróttasalinn í Víkinni. Frábært framtak og frábær hreyfing sem börnin fá út úr þessu og að auki að kynnast umhverfi Víkings.

Barnamenningarhátíð

Elsti árgangurinn, börn fædd 2012 tók þátt í fyrsta sinn í sýningunni í Hörpu í sögu Kvistaborgar. Þau stóðu sig einstaklega vel og voru flottir fulltrúar okkar og það var frábær skemmtun að fá að sjá þau upp á sviði syngja og foreldrar mættu allir til að fylgjast með.

Leikskólakennaranemar frá menntavísindasviði

Við vorum þess heiðurs aðnjótandi að fá til okkar tvo nema sem stunda nám í leikskólakennarafræðum við menntavísindasvið Háskóla Íslands. Það var mjög gaman að fá nemana til okkar og tenginguna við háskólann og fá ferska faglega umræðu í starfsmannahópinn. Þetta er eitthvað sem sárlega hefur vantað síðasta áratug.

Nemar frá Frakklandi

Við fengum þrjá franska nema til okkar, einn í október 2017 og tvo í janúar 2018. Þeir eru hér til að kynnast íslenskum aðstæðum og vinna nokkur verkefni með börnunum.

Lóðarframkvæmdir

Undirbúningur að lóðarframkvæmdum hófst skólaárið 2017-2018 og einn fulltrúi foreldra sat fundi ásamt leikskólastjóra, fulltrúa kennara og fagfólki frá Reykjavíkurborg.

Foreldrasamstarf


Foreldrar Kvistaborgar hafa verið mjög styðjandi við starfið okkar og þeir eru duglegir að láta okkur vita þegar vel gengur og hvað þeir eru ánægðir með og hvað þeim finnst að betur mætti fara. Foreldrar stofnuðu matarsjóð, með því vildu þeir auðga mat barnanna. Þeir sáu einnig um ýmsar upptæki í samstarfi við skólann, m.a. danskennslu sem hefur verið um árabil hjá okkur. Elstu börnin fóru á sundnámskeið með samvinnu kennara og er það í þriðja sinn sem það er gert og hefur það gengið vonum framar. Kvistaborg bauð foreldrum upp á Lubbastund á miðjum vetri, þar sem farið var yfir hreyfingar Lubba á íslenskum málhljóðum. Foreldrar eru stoð okkar og stytta og allir leggja sig fram um að eiga góð samskipti og að vinna lausnarmiðað.



2 Um innra mat í leikskólum

Í innra mati er gert mat á skólastarfi byggt á **skólanámskrá** leikskólans og eða **áherslum** leikskólans og SFS. Skoða þarf hvernig gengur að vinna að markmiðum leikskólans og tilgreina hvaða leiðir eru farnar til að ná fram þessum markmiðum og safna gögnum um framvinduna. **Meta þarf sérstaklega nám og velferð barna, styrkleika þeirra og hæfni.**

Hægt er að líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Gögn eru greind í samvinnu, lagt mat á þau og ákvarðað hvað skal gera í framhaldinu. Settar eru fram umbætur/matsáætlun sem byggja á niðurstöðum gagna líðandi starfsárs og vinna skipulögð út frá þeim niðurstöðum. Í umbótaráætlun eru settar fram hvaða leiðir þarf að fara til að ná þeim viðmiðum sem stefnt er að. Þannig fer þetta ferli hring eftir hring og stuðlar að bættu skólastarfi.



Leiðbeingar um innra mat leikskóla, bls. 8.

Gera skal **matsáætlun/umbótaráætlun** og gerið grein fyrir hvað þætti í leikskólastarfinu er áætlað að meta og/eða bæta. Hver deild/sérkennsla skilar matsáætlun út frá skólanámskrá leikskólans og markmiðum sem sett eru í upphafi skólaárs ásamt stuttri **greinagerð deildarstjóra/sérkennslustjóra** um hvað og af hverju matsþættirnir voru valdir fyrir starfsárið út frá niðurstöðum líðandi starfsárs (2017-2018).

2.1 Stutt greinargerð deildarstjóra Víðilundar um starfið á síðasta ári

- Aðlögun nýrra barna gekk að mestu leyti vel hjá okkur. Óvenju fá börn í aðlögun þetta haustið miðað við yngstu deild.
- Dagskipulag deildarinnar gekk nokkuð vel. Verkaskipting skýr, en aðeins reyndi á samvinnu/samstarf innan deildar. Tók smá tíma fyrir nýja starfsmenn deildarinnar að læra á verkaskiptingu og dagskipulag deildarinnar. Samvinna milli deilda var mjög góð.
- Hópastarf fór seinna af stað en venjulega v/framkvæmda við leikskólann. Einnig hafði það áhrif að missa vanann starfsmann í langtímaveikindi af deildinni á þessum tíma.
- Hreyfistund var hjá okkur 1x í viku og frjáls stund í sal 1x í viku. Gekk vel. Börnin mjög dugleg og áhugasöm.
- Lubbastundir 1x í viku hjá eldri árgang deildarinnar (2 hópar). Börnin mjög áhugasöm, en oft fengum við ekki nógu mikið næði, deildin býður ekki upp á rými fyrir skiptingu í nokkra minni hópa. Þarf að leysa fyrir næsta vetur.
- Tónlistarstundir voru frá febrúar til maí fyrir eldri árg. og gengu þær vel.
- Skapandi starf var markvisst unnið 1-2x í viku. Alltaf vinsælt og gekk það ágætlega. Unnið með margvíslegan efnivið og hefðir og hátíðir tengdar inn í.
- Frjálsi leikurinn hefur fengið gott rými hjá okkur, sem við erum mjög ánægð með. Mikilvægt fyrir þennan aldur.
- Eftir áramót bættum við svo vinastundum inn í skipulagið hjá okkur, en það er tengt Blæ vinaverkefni Barnaheilla.
- Gönguferðir farnar að hausti og vori. Gekk ágætlega, barnahópurinn mjög duglegur og alltaf mjög spenntur að fara.
- Útileiksvæði mikið notað. Útivera 1x-2x svar á dag (eftir því hvernig börnin sofa).
- Samverustundir hafa gengið vel. Rúlla á milli starfsmanna og höfum við verið ánægð með það, þ.s. börnin fá mjög fjölbreyttar samverustundir.
- Foreldrasamstarf hefur gengið vel. Foreldrar duglegir að mæta á þá viðburði sem þeim er boðið að taka þátt í. Eins fengum mikið hrós frá foreldrum í foreldraviðtölunum.
- Deildarfundir. Lagt upp með að hafa regulega deildarfundi, hver deild 2x í mán. Byrjaði ágætlega, en fljótlega varð alltaf lengra og lengra á milli þeirra. Þá var kominn uppsöfnuð þörf á að ræða saman, sem gerði okkur stundum erfitt fyrir að halda tímaramma fundarins. Þurfum í sameiningu, deildastjórar, að hjálpast að við að halda þeim reglulegum og þannig stytta/halda fundartíma. Söngstund hefur gengið vel í vetur, fáir starfsmenn með söngstundina og oft þeir sömu, sem gerir það að verkum að aðrir starfsmenn fá ekki að upplifa söngstund með börnunum.

Víðilundur

Umbóta- þættir 2018- 2019	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Lubbastundir	Meiri ró í stundunum. (utanaðkomandi truflanir)	Finna betri aðstöðu fyrir stundirnar	Haust 2018	Deildarstjóri	Áramót 2018- '19	Að búa börnunum betri gæðastund
Lestur	Passa upp á að lesið sé fyrir öll börn á hverjum degi.	Hvetja alla starfsmenn deildarinnar að lesa þegar laus stund gefst og merkja við.	Veturinn 2018-'19	Deildarstjóri	U.þ.b. mánaðarlega	Að öll börn fái betur notið sín í minni lestrastundum og meira á þeirra forsendum.
Tónlist	Fá meiri upplýsingar um hvaða söngva börnin eru að syngja og æfa	Hægt að tengja betur við vinnu deildarinnar	Það tímabil sem börnin eru í tónlistar- stundum.	Deildastjóri og tónlistarkennari	Veturinn 2019	Að það skili sér betur inn á deild það sem gert er í tónlistarstundum.



2.2 Stutt greinargerð deildarstjóra Birkilundar um starfið á síðasta ári

- Haustið 2017 byrjaði nokkuð vel, tók smá tíma að aðlagja nýju börnin inn í barnahópinn og á sama tíma hætti mjög reynt starfsfólk og óreynt starfsfólk byrjaði.
- Deildin einkenndist af því, að vera með mjög stóran strákahóp sem þurfti mikla stýringu og hjálp, sérstaklega í frjálsa leiknum. Hér nýttist útiveran okkur vel og vorum við einstaklega dugleg að fara út tvisvar á dag. Þar fyrir utan var útikennsla 1x í viku. Eldri árgangurinn fór saman með yngri árgangnum á Reynilundi og gekk sú samvinna vel. Farið var í hvaða veðri sem var og verkefnið unnin eftir því. Það var líka farið í margar vettvangsferðir bæði tengt útikennslu og líka deildin sem heild. Eftir hverja útikennslu/ferð var hengt upp blað með mynd og texta í anddyri, þar sem bæði börn og foreldrar gátu séð hvað var gert.
- Öll deildin fór markvisst í leikfimi í salnum 1x í viku og var þetta blandað æfingum í þrautahringjum og leikjum og var stundum aldurskipt og stundum blandað. Elsti árgangurinn fór 1x í mánuð í leikfimi í Víkinni, þar sem íþróttakennari tók á móti okkur. Þetta var mjög gaman, þroskandi og gefandi fyrir okkur að sjá börnin okkar í þeim aðstæðum.
- Spjallhópurinn datt oft niður í byrjun hausts en þegar við byrjuðum að undirbúa nokkra tíma fram í tímann, gekk þetta miklu betur og börnunum fannst stundirnar mjög skemmtilegar hvort sem unnið var við borð eða verkefni á gólfinu.
- Eldri börnin voru í tónlistastundum allt árið og þau yngri hálft árið. Þetta gekk vel en við höfum áhuga á að tengja þetta meira þemavinnu á deildinni á næsta ári.
- Kringum hefðir og hátíðir höfum við alltaf reynt að gera eitthvað tengt því. Börnin voru t.d. að þæfa ull kringum þorrann og þau gerðu gjafir fyrir foreldra á Bónða- og Konudaginn.
- Öll börnin voru í Lubbastund í minni hópum 1x í viku, gekk ekki alltaf nógu vel vegna starfsmannabreytinga og þá kom smá rót á skipulagið, en börnin voru alltaf glöð.
- Eftir áramótin byrjuðum við að vinna með vinaverkefnið Blæ frá Barnaheill. Hver árgangur var 1x í viku í spjalli og 1x í viku í nuddi. Börnunum fannst þetta mjög gaman og spurðu mikið hvort þau væru að fara í Blæ í dag.
- Samverustundirnar gengu yfirleitt vel. Þar var t.d. lesið, sagðar sögur, sungið, farið með þulur og ýmsar uppákomur ræddar. Eftir hádegismatinn var hópur sem fór í hvíld. Lestrarstundir voru bæði í stærri og minni hópum eftir getu hvers og eins. Var samt smá þröngt um okkur sérstaklega fyrir hádegismatinn þegar allir voru saman á litlu svæði.
- Foreldrasamstarfið hefur gengið vel. Foreldrar duglegir að mæta á uppákomur og fengum við mikið hrós í foreldraviðtölunum.
- Samvinna innan deildar hefur gengið ágætlega, við misstum tvo vana starfsmenn og það tekur alltaf tíma að þjálfar nýja starfsmenn svo allir gangi í takt, því það reynir mjög á

samvinnu í þessu starfi. Samvinna á milli deilda hefur gengið ágætlega, það reynir mjög mikið á Birkilund í samstarfinu þar sem hún er miðjudeildin og þarf því að eiga í samstarfið bæði við Reynilund og Víðilund í árgangasamstarfi.

Birkilundur

Umbóta- þættir 2018-2019	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni- hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Útikennsla	Undirbúa nokkra tíma fyrirfram. Fá endurmat frá börnunum	Kennarar sem sjá um útikennslu fá undirb. saman. Spyrja börnin eftir hverja ferð og skrá endurmat	Allt skólaári ð 2018- 19	Deildastjóri á viðkomandi deild, útikennslu kennara.	Fara yfir mánaðarlega	Náum við að fara í undirbúning. Skrásetja endurmat barnanna á blað sem við hengjum upp fyrir foreldra og börn
Frjáls leikur	Að börnin fá fleiri tækifæri og tíma fyrir frjálsan leik og að þau endist lengur í leiknum	Að kennarar séu meira með og aðstoða við að þróa/styðja við leikinn	Haust 2018	Deildastjóri og deildastarfsmenn	Deildafundir	Að við sjáum börnin endast lengur í leik og minna um flakk milli verkefna.
Spjallhópar	Að spjallhópur fari fram 1x í viku	Að kennarar fá tíma til þess að undirbúa verkefni fram í tímann	Veturinn 2018-19	Deildastjóri	Umræða á deildafundum. Fara yfir möppu sem geymir verkfæni úr spjallhópum	Að börnin hafi farið 1x í viku í spjallhóp og að það sjáist þróun í möppunni.
Tónlist	Tengja tónlistina þemavinnu á deildinni	Skipuleggja með tónlistar- kennaranum	Veturinn 2018-19	Deildastjóri / tónlistarkennari	Vor 2019	

2.3 Stutt greinargerð deildarstjóra Reynilundar um starfið á síðasta ári

- Aðlögun nýrra barna haustið '17 gekk vel, en framkvæmdir innanhúss voru sumum börnunum erfiðar en samheldur og jákvæður kennarahópur leysti verkefnið.
- Deildarfundir stóðust betur en í fyrra.
- Sameiginleg tiltektarsvæði, þar þarf að skerpa línurnar.
- Dagskipulag gekk vel, skýr rammi en samt góður sveigjanleiki í starfinu. Gekk sérstaklega vel í ár að skrá frásagnir barnanna við myndir eftir viðburði.
- Samvinna innan deildar gekk frábærlega. Samvinna milli deilda var nokkuð góð, en það er oft erfitt að ná saman og það getur reynt á þegar vantar fólk eða einhverjir erfileikar koma upp. Þar þarf sanngirni alltaf að vera leiðarljósið.
- Sameiginlegir íþróttatímar fyrir yngri hóp deildarinnar og eldri hóp Birkilundar gengu ekki upp vegna fjölda barna á Birkilundi. Við þurfum að leysa það fyrir næsta ár.
- Útinámssamvinna gekk vel, börnin voru glöð og jákvæð. Endurmat frá börnum eftir tímana þarf að endurvekja.
- Vettvangsferðir gengu vel og voru margar og fjölbreytilegar í ár.
- Leikfimi í Fossvogsskóla gekk mjög vel en of oft kom það fyrir að salurinn var upptekinn og gleymdist að láta okkur vita.
- Leikfimi í Víkinni gekk einnig vel, gott að hafa þjálfara þar sem tekur á móti hópnum.
- Skólaverkefni gengu frábærlega vel, við byrjuðum seinna með þau vegna framkvæmda, það reyndist heilladrjúgt. Gott er að hrista hópinn vel saman áður en byrjað er í hópastarfi.
- Vel gekk einnig að halda utan um spjallhópinn.
- Frjálsi leikurinn á stóran sess í starfinu og hann gekk vel, sérstaklega þegar líða fór á veturinn.
- Söngstund í sal er alltaf ákaflega notaleg og skemmtileg, börnin ánægð og með gott úthald.
- Lubbi finnur málbein gekk vel hjá elsta árganginum, tímar féllu aldrei niður. Samstarf á milli deilda gekk verr, tímar dattu út þar sem oft getur reynt erfitt að ná saman. Við þurfum að bæta planið fyrir næsta ár.
- Verkefnið Biophilia var fjölbreytt og skemmtilegt að vanda en við fundum fyrir hindrunum vegna blandaðs aldurshóps á deildinni. Þarf að einfalda efnið enn frekar vegna þess.
- Samverustundir gengu ágætlega, en við viljum efla lestur enn frekar og prófa að hafa samverustund eftir morgunmat kl. 8:45 næsta vetur.
- Teikni og sögugerðarbókin datt nánast út, við viljum skerpa á reglum og tilgangi bókarinnar.

- Foreldrasamstarf var gott, foreldrar voru duglegir að veita jákvæða og uppbyggilega endurgjöf.

Reynilundur

Umbóta- þættir 2018- 2019	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma- áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð/ Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Skipulagðar lestrarstundir	Passa að lesið sé fyrir börnin a.m.k. 1x á dag	Byrja með samverustund kl. 8:45 strax eftir morgunmat	Hefst í haust, prófað til jóna	Deildarstjóri	Umræður kennara eftir önnina	
Samvinna með næstelsta hóp skólans	Blöndun þvert á deildir	Blanda börnum í tónlist, íþróttir, útinám	Vetur 2018- 2019	Deildarstjórar	Umræður kennara	Skrá niður hvernig gengur eftir hvern mánuð



2.4 Innra mat á ýmsum sameiginlegum verkefnum Kvistaborgar þvert á deildir (rauða taflan frá síðasta ári) og úr starfsmannasamtölum

- **Skóladagatal**

Almennt mjög gott, ánægja breytinguna með opna húsið, betra er að hafa skólahlaup í lok maí, heldur en í júní, því oft eru einhver börn byrjuð í aðlögun þá.

- **Mappan mín**

Er eilífðar verkefni og gengur vel og er sífellt í endurskoðun.

- **Teikni og sögugerðarbókin**

Gekk ekki eins og lagt var upp með. Við ákváðum að halda henni inni og láta aðeins elsta árganginn fá bókina og sjá hvernig innleiðingin tekst og færa hana þá niður í næsta árgang ef vel gengur.

- **Gæðahandbók Kvistaborgar**

Er enn í vinnslu.

- **Skjalavarsla**

Er í fullum gangi, verið er að merkja gögn og pakka, næsta skref er að ská og senda til Borgarskjalasafns.

- **Jafnari kynjahlutföll**

Fræðsla sem við höfum fengið er mjög góð, bæði frá mannauðsskrifstofu Reykjavíkurborgar og jafnréttisskóla Reykjavíkurborgar. Þróunarverkefnið heldur áfram.

- **Heilsueflandi leikskóli**

Átta lykilþættir sem tengjast skólastarfinu eru: hreyfing, mataræði, geðrækt, öryggi, tannheilsa, fjölskylda, nærsamfélag og starfsfólk. Við hugum að öllum þessum þáttum, þeir eru samofnir í starf Kvistaborgar. Við innleiddum Vináttuverkefni Barnaheilla sem kemur inn á marga þætti þó sérstaklega geðrækt.

- **Lubbi finnur málbein**

Þetta verkefni er komið til að vera og er mjög skemmtilegt. Til þess að skapa meiri stöðuleika á yfirferð málhljóða var ákveðið að setja öll málhljóðin inn í skóladagatal Kvistaborgar. Það auðveldar öllum, kennurum og foreldrum að fylgjast með.

- **Jafnréttisáætlun**

Stöðugt símat. Fengum fyrirlestur frá Jafnréttisskóla Reykjavíkur og stórt námskeið frá Vöndu Sigurgeirsdóttur um samskipti, félagsfærni og einelti. Einnig kom upp sú hugmynd að allir starfmenn myndu færast til viku á hvorri önn á milli deilda. Markmiðið er að starfsmenn kynnist öllum börnum vel og samstarfsfélögum og læri og virði verklag sem getur verið ólíkt á milli deilda.

Sameiginleg verkefni næsta skólaárs 2018-2019

Mat skólaárið 2018-2019	Hvað á að meta	Hverjir taka þátt	Hvernig á að meta	Hver ber ábyrgð
Símat og lokamat í maí 2019	Skóladagatal	Kennarar, börn, foreldrar og foreldraráð	Umræður og örkannanir	Leikskólastjóri og deildarstjórar
Vor 2019	Læsisstefna	Kennarar	Umræður	Leikskólastjóri
Vor 2019	Mappan mín	Kennarar, börn og foreldrar	Umræður Gátlisti	Leikskólastjóri
Vor 2019	Gæðahandbók	Kennarar	Umræður	Leikskólastjóri
Vor 2019	Skjalavarsla	Kennarar	Gátlisti	Leikskólastjóri
Vor 2019	Jafnari kynjahlutföll	Kennarar	Gátlisti	Stjórnendateymi
Janúar 2019	Heilsueflandi leikskóli	Kennarar og börn	Gátlisti	Stjórnendateymi
Vor 2019	Lubbi finnur málbein	Kennarar, börn og foreldrar	Umræður könnun	Stjórnendateymi
Vor 2019	Jafnréttisáætlun	Kennarar, börn og	Gátlisti	Stjórnendateymi
2019	Foreldrahandbók	Kennarar og foreldraráð	Umræður	Leikskólastjóri

3 Ytra mat

Á hverju ári er send út viðhorfskönnun til starfsmanna, hún er að vegum skóla- og frístundasviðs. Tilgangurinn er að fá fram viðhorf starfsmanna til ýmissa þátta, eins og starfsumhverfis, samskipta og stjórnunarháttanna. Könnunin er rafræn og ekki er hægt að rekja niðurstöður hennar. Niðurstöður komu vel út, allt á grænu nema vinnuálag og starfsaðstæður sem var á rauðu. Ekki var marktækur munur á milli ára, farið er yfir niðurstöður á starfsmannafundi. Við höfum markvist unnið að því að minnka álag og hugað að bættu starfsumhverfi síðustu ár og því verðu fram haldið. Við höfum bæði fegrað og endurnýjað húsbúnað. Fjölguðum starfsmannasalernum og virkjuðum sturtuna. Þetta er eilífðarverkefni.




4 Stutt greinargerð sérkennslustjóra um starfið á síðasta ári

Hér þurfa að koma fram helstu áherslur í sérkennslu/stuðningi út frá stefnu leikskólans og hvaða verkferlum er fylgt.

- **Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum og hve margir sinna því hlutverki?:** Tvö börn nutu sérstaks stuðnings þennan vetur og voru í fötlunarflokki 2. Að auki voru 4 börn sem fengu sérstaka málörvun.
- **Áætlun um málörvun og snemmtæka íhlutun í leikskólanum:** Ef grunur vaknar um seinkaðan þroska hjá barni, þá boðum við foreldra á fund og ræðum málin og leggjum grunn að aðgerðum.
- **Gerð einstaklingsnámskrár, hverjir koma að gerð hennar og hvernig eru þær notaðar í starfinu?:** Sérkennslustjóri sér aðallega um gerð einstaklingsnámskrár í samvinnu við deildarstjóra. Þær eru verkfæri fyrir hvað er verið að gera/þjálfa hjá hverju barni.
- **Samstarf við foreldra/forráðamenn, teymisfundir og annar stuðningur til foreldra, fræðsla og ráðgjöf:** Foreldrar eru boðaðir á fundi eftir þörfum og veitt sú fræðsla sem þörf er á hverju sinni. hegðunarráðgjafi, leikskólasérkennari, talmeinafræðingar og sálfræðingar mæta í skólann með eftirfylgd. Stundum er veitt þjónusta heim.
- **Samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir:** Núna erum við eingöngu í samstarfi við þjónustumiðstöðina. En eftir atvikum aðra.
- **Samvinna sérkennslustjóra og starfsmanna, fræðsla, ráðgjöf og stuðningur:** Starf sérkennslustjóra er að halda utan um þau börn sem þurfa stuðning og að miðla þekkingu og dreifa ábyrgð til allra starfsmanna. Sérkennslustjóri gerir einnig ýmsar skimanir sem geta veitt upplýsingar um stöðu barnsins. Góð samvinna er á milli sérkennslustjóra og allra starfsmanna.
- Sérkennslustjórastaðan er 50% í Kvistaborg og því var sami starfsmaðurinn einnig 50% á einni deild. Sú breyting verður á næsta vetur að sérkennslustjórinn fer í 100% stöðu og sinnir þá jafnframt börnum sem fengið hafa úthlutað stuðningi.
- **Gerið grein fyrir umbótum út frá niðurstöðum innra mats síðasta starfsárs og færið inn í töfluna hér fyrir neðan. (sjá leiðbeiningar á bls 37 í leiðbeiningar um innra mat í leikskóla).**
Hvað umbótaþætti á að vinna sérstaklega með og meta á starfsárinu 2018-2019: Ekki var gert endurmat á sérkennslunni á þessu ári. Ekki talin þörf á því, en það er fyrirhugað fyrir skólárið 2018-2019.

5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Í Kvistaborg voru 5 börn sem voru tví- eða fjöltyngd eða um 8% barna. Þar af eiga fjögur þeirra annað foreldrið íslenskt, aðeins eitt barn á báðum foreldrum af erlendu bergi. Sex til sjö tungumál eru á bak við þessi 5 börn. Fyrir utan íslenskuna eru töluð: norska, filipíska, franska, tékkneska, albanska og svo enska. Sérkennslustjórinn, Guðný Jónsdóttir, heldur utan um þennan hóp og styður við og leiðbeinir starfsfólki þegar á þarf að halda. Fjármagn sem Kvistaborg fékk vegna tvítyngdra barna var notað í efniskaup til að vinna með börnunum.



Fjölmennningarlegt leikskólastarf

Við höfum sérstaklega reynt að höfða til erlenda foreldra um að koma með efni eða eitthvað sem tengist heimalandi þeirra. Það hefur ekkert gengið sérlega vel en við höfum tekið fagnandi öllu sem berst okkur. Fræðsla fer eftir aðstæðum hverju sinni.

Íslenska sem annað mál og virkt tvítyngi

Með tvítyngdum börnum sem þurfa málörvun að halda hefur verið unnið með:

- Ljáðu mér eyra
- Tölum saman
- Orðagull, app í Ipad
- Hugtakaspil
- Eintala og fleirtöluspil
- The processing program

- o Lubba innlögn á undan barnahópnum á deildinni
- o Ýmis málörvunarspil

Unnið er markviss með daglegan orðaforða þar sem allir starfsmenn eru meðvitaðir um að setja orð á daglegar athafnir. Við lestur bóka er farið í orðskýringar og orð jafnvel leikin svo að þau skiljist betur. Fylgst er með framförum allra barna með skimunartækjum, eins og Efi-2 og Hljóm-2. Einnig notumst við vefinn Tungumál er gjöf, þar er að finna ýmsar æfingar og skráningarblað.

Hugað er að öllum þáttum máls:

- o Orðaforði og málskilningur
- o Tjáning og frásögn
- o Hlustun og hljóðkerfisvitund
- o Ritmál
- o Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun

Foreldrasamstarf

Við í Kvistaborg vinnum eftir fjölmenningarstefnu Reykjavíkurborgar. Við leggjum áherslu á að taka vel á móti öllum nýjum fjölskyldum og nýtum túlkapjónustu ef á þarf að halda. Hvert tilfelli þarf að meta hverju sinni. Aðal samskiptaleiðir eru í gegnum tölvupóst en ef málin eru þess eðlis þá leggjum við áherslu á að funda með foreldum til að útskýra ef með þarf.



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

- Starfsþróun var eins og hér segir 2017-2018

Nafn	Námskeið	Hvenær
Allir	Vináttuverkefni Barnaheillar	2017-2018
Allir	Samskipti, félagfærni og einelti, Vanda Sigurgeirsdóttir	Vorönn 2018
Málmfríður Einarsdóttir, Anke Steiniger, Lisbeth Borg, Guðný Jónsdóttir, Helga Guðmundsdóttir	Lubbaráðstefna	29. september 2017
Guðrún Gunnarsdóttir	Persónuvernd	9. nóvember 2017
Guðrún Gunnarsdóttir og María Bjarnadóttir	Stjórnendadagur Reykjavíkurborgar	1. nóvember 2017
Guðrún Gunnarsdóttir og María Bjarnadóttir	Vinnustofur með heilsuefandi stjórnun	15. nóvember 2017
Guðrún Gunnarsdóttir	Námskeiðsdagur leikskólastjóra, Bjartur Guðmundsson	13. október 2017
Guðrún Gunnarsdóttir	Streitu og streituvarnir	4. október 2017
Guðrún Gunnarsdóttir og María Bjarnadóttir	Sveitafjör KÍ	9. júní 2017
Guðný Jónsdóttir	Efi-2	8. september 2017
Guðný Jónsdóttir	Afmælisráðstefna – Talbj. Rvk.	14. september 2017
Guðný Jónsdóttir	A-4, Dagur læsis	4. september 2017
Guðrún Gunnarsdóttir og Soffía Dagmar Þórarinsdóttir	Öryggisvarðar og öryggistrúnaðarmanna námskeið. Vinnueftirlitið	12. og 13. mars 2018
Guðrún Gunnarsdóttir	Qliksens, kerfi borgarinnar	16. apríl 2018
Lisbeth Borg og Helga Guðmundsdóttir	Mat á starfi með börnum	22. mars 2018
Málmfríður Einarsdóttir og María Bjarnadóttir	Mat á starfi með börnum	12. apríl 2018
Hildur Marisdóttir og Soffía Dagmar Þórarinsdóttir	Mat á starfi með börnum	3. maí 2018
Valgerður Margrét Briem	Fagnámskeið Eflingar	Febrúar – apríl 2018
Marzia Sias	Leikskólaeldhús	24. apríl 2018
Guðrún Gunnarsdóttir og Guðný Jónsdóttir	Greiningar og ráðgjafarstöð ríkisins, ráðstefna	25.-25. apríl 2018
Guðný Jónsdóttir, Málmfríður Einarsdóttir og María Bjarnadóttir	Hljóm-2	23. apríl 2018
Allir	Fyrirlestur frá jafnréttisskóla Reykjavíkur	22. maí 2018
Allir	Jafnari kynjahlutföll, fyrirlestur	22. maí 2018
Allir	Jafnréttisfyrirlestur, Hanna Björg Vilhjálmsdóttir	22. maí 2018

- **Áætlun um símenntun næsta skólaár, 2018-2019:**

- o Lubbaráðstefna – 2 starfsmenn, september 2018
- o Flæði, hugarástand í leik og starfi – 2 starfsmenn, ráðstefna 19. október 2018
- o Workplace – 23. nóvember 2018
- o Jafnari kynjahlutföll – ótímasett
- o Miðja máls og læsis – fyrirlestur 1. nóvember 2018
- o Skyndihjálpi – Herdís Storgaard 21. janúar 2019
- o Ráðstefna af tilefni Degi leikskólans – 6. febrúar 2019
- o ECERA – ráðstefna í Budapest – 4 starfsmenn
- o Naeyc – ráðstefna í Washington – 4 starfsmenn
- o Fagnámskeið Eflingar 1-2 starfsmenn

Önnur fræðsla verður sótt eftir áhugasviði og þörfum hvers og eins og fer eftir þeim tilboðum sem bjóðast yfir veturinn.

- Starfsþróunarsamtöl

Voru í mars/apríl á síðasta skólaári. Farið er yfir líðan á vinnustað, samskipti, starfið almennt, starfsáætlun og markmið. Einnig starfsþróun, væntingar og eða óskir um breytingar fyrir næsta vetur. Áætlaður tími er um 1 klukkustund.

Nýtt: Næsta skólaár, munu deildarastjórar taka stutt viðtöl við sína deildarstarfsmenn í nóvember/ desember. Sem fyrr verða samtöl við leikskólastjóra við alla starfsmenn í febrúar/mars.



7 Foreldrasamvinna

- **Foreldraráð:** Á hverju hausti, þegar hver deild er með námsefnakynningu fyrir foreldra, er leitað eftir fulltrúum í foreldraráð. Einn af hverri deild, samtals 3 fulltrúar foreldra, sitja ráðið ásamt leikskólastjóra. Kosið er til eins árs í senn. Nöfn fulltrúa í ráðinu er á heimasíðu Kvistaborgar.
- **Foreldrafundur:** Námsefnakynning og verkefni vetrarins eru kynnt ásamt hagnýtum góðum atriðum sem snúa að reglum, hefðum og umgengni skólans. Kosning í foreldraráð.
 - Reynilundur- 23. ágúst kl. 08:30
 - Birkilundur – 24. ágúst kl. 08:30
 - Víðilundur – 26. ágúst kl. 08:30
- **Foreldraviðtöl:** Eru haldin tvisvar á ári, nóvember og apríl og svo í maí fyrir elsta árganginn. Þess utan geta foreldrar alltaf óskað eftir viðtali. Foreldrar skrá sig sjálfir í tíma á eyðublöð sem hengd eru upp í fataklefum deildanna. Ef foreldrar eiga fleiri en eitt barn í leikskólanum er þeim boðið að skrá sig fyrst. Rætt er um líðan barns í skólanum og heima og drög lögð að einstaklingsnámskrá fyrir hvert barn í samvinnu við barn og foreldra.
- **Foreldrafélag:** Er starfandi við skólann og er kosið í stjórn þess á aðalfundi félagsins sem haldinn er á hverju hausti. Miðað er við a.m.k. tvo fulltrúa frá hverri deild. Foreldrafélagið stendur fyrir ýmsum upptækum yfir veturinn, meðal annars piparkökumálun, leiksýningu, sveitaferð, páskaeggjaleit, sumarhátíð, danskennslu og jólasveinum, svo eitthvað sé nefnt.



8 Samstarf leik- og grunnskóla *(Stutt um helstu áherslur í samstarfi skólanna)*

Áherslur í samstarfi skólanna er að efla samstarf og auka þekkingu og skilning á því starfi sem fer fram í hvorum skólanum fyrir sig til að tryggja samfellu. Að börnin njóti samveru og samvinnu á milli skólastiga og að leikskólabörnin kynnist grunnskólanum og umhverfi hans.

Í gegnum árin hefur þróast gott samstarf á milli skólanna, Kvistaborgar, Furuskógar og Fossvogsskóla og heimsóknir á báða bóga. Haldið verður í þær hefðir sem skapast hafa í gegnum árin sem eru þessar:

Svartir stafir er samvinna kennara

Bláir stafir er samvinna barna

- 17. ágúst, kennarar, Fossvogsskóla og Furuskógar sameinast í Lubbastund í Kvistaborg
- september – apríl: leikfimi fyrir elsta árganginn í sal Fossvogsskóla
- 9. október kl. 09:45: Heimsókn í Fossvogsskóla, skólinn skoðaður og heilsað upp á skólastjóra Fossvogsskóla
- 25. október: Heimsókn í Kvistaborg. Þá kemur hluti af 1. bekk frá Fossvogsskóla í heimsókn í Kvistaborg.
- 1. nóvember kl. 17:15, sameiginlegur fyrirlestur fyrir foreldra og starfsmenn Kvistaborgar, Furuskógar og Fossvogsskóla, haldinn í íþróttasal Fossvogsskóla.
- 7. nóvember kl. 09:45: Bókasafnsheimsókn í Fossvogsskóla.
- 9. nóvember kl. 10:00, dagur eineltis sameiginleg samvera elstu barnanna í leikskóla og nemenda Fossvogsskóla
- desember: Elstu börnum okkar er boðið á Útjólabball, dagsetning ákveðin síðar.
- 21. febrúar: Heimsókn 12 ára nemenda úr 7. bekk, í Kvistaborg. Þau æfa sig í að lesa upphátt fyrir börnin okkar fyrir stóru upplestrarkeppnina.
- mars: stjórnendur í skólum hverfisins fara yfir skóladagatöl og sameina skipulagsdaga
- 12. mars: Kennslustund í 1. bekk með nesti.
- apríl: frístundaheimilið Neðstaland skoðað.
- 15. maí kl. 10:00: Kennarafundur í Kvistaborg, endurmat á vetrarstarfinu og áætlun rædd fyrir næsta vetur.
- maí: upplýsingafundur /skil á börnum sem fara í grunnskóla. ákveðið síðar.
- skólahlaup, 29. maí. Þá koma nemendur úr 6. bekk í Fossvogsskóla og aðstoða okkar börn í hlaupinu.

9 Skipulagsdagar 2018-2019

- 21. ágúst – sameiginlegur skólum hverfisins
- 22. október 1/2 dagur – Vetrarfrí í grunnskólum
- 23. nóvember – sameiginlegur skólum hverfisins
- 21. janúar – sameiginlegur skólum hverfisins
- 7. febrúar 1/2 dagur
- 19. mars – sameiginlegur skólum hverfisins
- 20. maí – sameiginlegur skólum hverfisins



10 Fylgigögn

10.1 Matsgögn - Fylgiskjal nr. 1

10.2 Skóladagatal – Fylgiskjal nr. 2

10.3 Jafnréttisáætlun Kvistaborgar nr. 3

10.4 Verkefni Kvistaborgar – Fylgiskjal nr.4

10.5 Salur – Tónlist yfirlit – Fylgiskjal nr. 5

10.6 Langtímaáætlun – innra mat – Fylgiskjal nr. 6

10.7 Umsögn foreldraráðs – fylgiskjal nr. 7

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning

Innra mat á leikskólastarfi Kvistaborgar 2017-2018

Vinsamlegast athugið að skrifa stutt og hnitmiðuð svör og ekki dvelja lengi við hvern þátt.!

Nafn Deildar: _____

- Dagskipulag
- Samvinna/samstarf/verkaskipting starfsfólks innan deildar
- Samvinna/samstarf/verkaskipting starfsfólks milli deilda
- Samveru stundir
- Frjáls leikur
- Hópastarf
- Vinnustund elstu barnanna
- Leikfimitímar
- Aðlögun nýrra barna
- Foreldrasamstarf
- Deildarfundir
- Hefðir og hátíðir
- Útileiksvæði
- Garðaeftirlit
- Söngstund í sal
- Sameiginleg tiltektarsvæði
- Útinám
- Vettvangsferðir
- Kaffitímar starfsmanna
- Annað

Samband Íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2018 - 2019

Nafn skóla:



Kvistaborg

AGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NOVEMBER		DESEMBER		JANUAR		FEBRÚAR		MARS		APRIL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 M	Sumarfrí	1 L	46 ára afmæli	1 M		1 F	Beirnisdagur fyrirstar í Evr.	1 L	Fúlvéldisdagurinn	1 P	Nýrsdagur	1 F	Dagur stundráðunar	1 F		1 M		1 M		1 L		1 M	
2 F	Sumarfrí	2 S		2 P		2 F	Hrekjavaka	2 S	G	2 M		2 L		2 L		2 P	Foreldravíðtöl	2 F		2 S	Sjómanna dagurinn	2 P	
3 F	Sumarfrí	3 M	Adlögun	3 M		3 L		3 M	Kaffihúsið Lundur	3 F		3 S	Ö/A	3 S	Mjúkt G	3 M	Foreldravíðtöl	3 F		3 M		3 M	
4 L		4 P		4 F		4 S	J	4 P	Kaffihúsið Lundur	4 F	Pálínuboð	4 M		4 M	Bolludagur	4 F		4 L		4 P		4 F	
5 S		5 M		5 F		5 M	Foreldravíðtöl	5 M	Kaffihúsið Lundur	5 L		5 P		5 P	Sprengidagur	5 F		5 S		5 M		5 F	
6 M	Frídagur vegna annars	6 F	Adlögun	6 L		6 P	Foreldravíðtöl	6 F	Kaffihúsið Lundur	6 S	Bretlandinn - IV/O	6 M	Dagur leikskólans	6 M	Öskudagur	6 L		6 M		6 F		6 L	
7 P	Sumarfrí	7 F		7 S	N	7 M	Foreldravíðtöl	7 F	Kaffihúsið Lundur	7 M		7 F	1/2 skipulagsdagur	7 F		7 S	Hn	7 P	opið hús	7 F		7 S	
8 M	Sumarfrí	8 L	Dagur laðis	8 M		8 F		8 L		8 P		8 F		8 F		8 M		8 M		8 L		8 M	
9 F	Opnað eftir sumarfrí	9 S		9 P		9 F		9 S	F	9 M		9 L		9 L		9 P	Barnmenningaráhátíð	9 F		9 S	Hvítasunnudagur	9 P	
10 F		10 M		10 M		10 L		10 M		10 F		10 S	P	10 S	Æ/EI - EY	10 M	Barnmenningaráhátíð	10 F		10 M	Annar í Hvítasunnu	10 M	
11 L		11 P	Adlögun	11 F		11 S	H	11 P		11 F	Vasaljósdagur	11 M		11 M		11 F	Páskaeggjaleit	11 L		11 P		11 F	
12 S		12 M	Lúbsastíund 17-18 fyrri foreldra	12 F		12 M		12 M		12 L		12 P		12 P		12 F	Barnmenningaráhátíð	12 S		12 M		12 F	
13 M		13 F		13 L		13 P		13 F		13 S	P	13 M		13 M		13 L	Barnmenningaráhátíð	13 M		13 F	Sumarhátíð	13 L	
14 P		14 F		14 S	D	14 M		14 F		14 M		14 F		14 F		14 P	Sjálfstjórnun - Ó/AU	14 P	Foreldravíðtöl R	14 F		14 S	
15 M		15 L		15 M		15 F		15 L		15 P		15 F		15 F		15 M		15 M		15 L		15 M	
16 F		16 S	Dag. Íslensk. skól. - A	16 P		16 F	Dagur íslenskra tungu	16 S	S	16 M		16 L		16 L		16 P		16 F		16 S		16 P	
17 F		17 M		17 M	Önnu og alla dagur	17 L	Piparkökumálun	17 M		17 F		17 S		17 S	Hj	17 M		17 F		17 M	Lyðveldisdagurinn	17 M	
18 L		18 P		18 F		18 S	E/U	18 P		18 F		18 M		18 M		18 F	Skírdagur	18 L		18 P		18 F	
19 S		19 M		19 F		19 M		19 M		19 L		19 P		19 P		19 F	Skírdagurinn langi	19 S		19 M		19 F	
20 F	Ljósmyndari	20 L		20 L	ÍV / Ú	20 F	Dagur menntafélags hana	20 F	Jólaskemmtun	20 S	T	20 M		20 M		20 L		20 M	Skipulagsdagur	20 F		20 L	
21 F	Skipulagsdagur	21 S		21 S		21 M		21 F		21 M	Skipulagsdagur	21 F	Þýðingardagur meðumkallans	21 F		21 S	Páskadagur	21 P	Brunaæfing	21 F		21 S	
22 M		22 L		22 M		22 F		22 L		22 P		22 F		22 F		22 M	Annar í páskaum	22 M	Útskrift	22 L		22 M	
23 S		23 S	M	23 P	Brunaæfing	23 F	Skipulagsdagur	23 S	Þorlaksmessu	23 M		23 L		23 L		23 P		23 F	Útskriftarferð	23 S		23 P	
24 F	Foreldrafundur R	24 M		24 M		24 L		24 M	Adlangadagur jóla	24 F		24 S	Þ	24 S	Li	24 M		24 F		24 M	Vatnsvíka	24 M	
25 P		25 F		25 F		25 S	L	25 P	Jóladagur	25 F	Böndadagur	25 M		25 M		25 F	Barnmenningaráhátíð	25 L		25 P	Vatnsvíka	25 F	
26 S		26 M	Endirskil langmálafundurinn	26 F	Náttífaaball	26 M		26 M	Annar í jólu	26 L		26 P		26 P		26 F		26 F		26 M	Vatnsvíka	26 F	
27 M		27 F		27 P		27 P		27 F		27 S	K	27 M		27 M		27 L		27 M		27 F	Vatnsvíka	27 L	
28 P	Foreldrafundur V	28 F		28 S	V	28 M		28 F		28 M		28 F		28 F		28 S		28 P	Þröttadagur	28 F	Vatnsvíka	28 S	
29 M		29 L		29 M		29 F		29 L		29 P		29 F		29 F		29 M		29 M		29 M	Vatnsvíka	29 M	
30 F		30 S	B	30 P		30 F	Vasaljósdagur	30 S		30 M		30 L		30 L		30 P		30 F	Úppáttingardagur	30 S		30 P	
31 F				31 M		31 M	Gamlársdagur	31 M		31 F	Þorrablót	31 S		31 S	Hr			31 F		31 M		31 M	
Skipulagsdagar/sumarleyfi - lokun leikskólans																						Uppákomur þar sem börnin taka þátt	
Vænst þátttöku foreldra eða fjölskyldu																						Fylgiskjal nr. 2	

Jafnréttisáætlun Kvistaborgar

Í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 skuldbindur skólinn sig til að fara eftir [mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar](#).

Að auki er unnið eftir, [starfsaðferðum í leikskólanum Kvistaborg vegna gruns um kynferðislega misnotkun eða ofbeldi gagnvart börnum](#).

Stefnan skal kynnt öllu starfsfólki á hverju hausti og vera sýnileg á heimasíðu skólans.

Skólastjóri ber ábyrgð á að mannréttindastefnunni sé framfylgt.

Að auki mun skólinn í samræmi við 22. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að nemar verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í skólanum. Þá mun skólinn fræða nemendur sína um kynferðislega áreitni og kynbundið ofbeldi. Starfsfólk skal þekkja einkenni kynferðislegrar áreitni og kynbundins ofbeldis og hvernig ber að bregðast við grun eða vissu um slíkt meðal nemenda skólans. Nemendum skal ætíð vera ljóst hver réttur þeirra er og hvert þeir geta leitað innan og utan skólans komi slíkt upp.

Skólinn setur sér framkvæmdaáætlun hvert skólaár þar sem fram koma skýr og vel skilgreind markmið í samræmi við Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Þar sé árangursmat skýrt, eftirfylgni tryggð og ábyrgð ljós.

Framkvæmdaáætlun skólaárið 2016-2018

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Auka þekkingu starfsmanna og foreldra og skapa umræður	Fyrirlestur frá Jafnréttiskólanum Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir „Jafnrétti í starfi með börnum“ „Líkamsvirðing og útlitsdýrkun“	Leikskólastjóri	2016-2018
Fylgjast með hvaða nöfn heyrast oftast, við hverja er talað með skipunum? Við hverja á starfsfólkið mestar samræður? Hvernig eru börn hugguð og hughreyst? Hvernig er börnum hrósað? Gengur það sama yfir bæði kynin?	Skráningar á samskiptum	Deildarstjórar	2016-2018
Að brjóta markvisst upp staðalmyndir.	Nota leiki, spil og verkefni sem stuðla að því að brjóta upp staðalmyndir. Hengja upp myndir af stelpum og strákum, konum og körlum á óhefðbundnum aðstæðum.	Deildarstjórar	2016-2018
Að gæta jafnræðis í farmkomu við alla, börn, foreldra, starfsmenn óháð ytri þáttum s.s. kyni, þjóðerni, kynþætti, útliti ofl.	Hrósa / hvetja fyrir athafnir. Hafa samband jafnt við báða foreldrar og hvetja til þátttöku í skólastarfinu.	Leikskólastjóri og deildarstjórar	2016-2018

11. APES og Tras

- María Bjarnadóttir
- Helga Guðmundsdóttir

12. Jafnréttisteymi

- Guðrún Gunnarsdóttir
- Málmfríður Einarsdóttir

13. Fánaábyrgð

- Lisbeth Borg

Fylgiskjal 4

10. Hljóm – 2

- María Bjarnadóttir
- Hildur Marisdóttir
- Lisbeth Borg

9. Efi – 2

- Hildur Marisdóttir
- Helga Guðmundsdóttir
- Þórunn Helga Þorkelsdóttir
- Guðný Jónsdóttir

8. Íslenski smábarna- og þroskalistinn

- Helga Guðmundsdóttir
- Þórunn Helga Þorkelsdóttir

7. Gæðahandbók Kvistaborgar

- Guðrún Gunnarsdóttir
- María Bjarnadóttir

6. Öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður

- Guðrún Gunnarsdóttir
- Soffía Dagmar Þórarinsdóttir

5. Áfallaráð

- Guðrún Gunnarsdóttir
- María Bjarnadóttir
- Lisbeth Borg
- Helga Guðmundsdóttir
- Málmfríður Einarsdóttir

4. Skólanámskrá og læsisstefna

- Guðrún Gunnarsdóttir
- María Bjarnadóttir
- Lisbeth Borg
- Helga Guðmundsdóttir
- Málmfríður Einarsdóttir

Verkefni Kvistaborgar og ábyrgðarmenn

1. Heimasíða

- Málmfríður Einarsdóttir
- Guðrún Gunnarsdóttir

2. Mappan mín

- María Bjarnadóttir
- Hildur Marisdóttir
- Helga Guðmundsdóttir

3. Græna nefndin

- Helga Guðmundsdóttir
- Lisbeth Borg
- Sóley Jónsdóttir

Salurinn Lundur

	mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur
09:00-13:00	Birkilundur	Reynilundur	Víðilundur	Tónlist	Tónlist
	Leikfimi	Salur	Leikfimi	Birkilundur	Reynilundur
13:00-17:00	Víðilundur	Reynilundur	Birkilundur	Birkilundur	Birkilundur
	Salur	Salur	Salur	Salur	Salur

Tónlist

mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur
			08:15-08:45	08:15-08:55
			08:45-09:15	09:00-09:30
			09:15-09:45	10:10-10:50
			09:45-10:10	
			11:15 -11:40	11:20-11:40

Tónlist fimmtudaga

08:15-08:45	Birkil. og Reynil. 6 börn '14	
08:45-09:15	Birkil. og Reynil. 6 börn '14	
09:15-09:45	Birkil. og Reynil. 6 börn '14	
09:45-10:10	Birkil. og Reynil. 6 börn '14	
11:15-11:40	Birkil. 6 börn '15	út janúar '19
11:15-11:40	Víðil. 6 börn '15	frá 1. febrúar '19

Tónlist föstudagur

08:15-08:55	Reynil. 9 börn
09:00-09:30	Söngstund
10:10-10:50	Reynil. 8 börn

Viðfangsefni	2018-2019	2019-2020	2020-2021	2021-2022
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	X			
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur			X	
Faglegt samstarf		X		
Leikskólaþróun og starfsþróun				X
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna		X	X	
Námsvið leikskólans			X	
Leikskóli án aðgreiningar			X	
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara	X			
Fagmennska starfsfólks			X	
Starfsánægja	X	X	X	X
Leikskólabragur				
Viðmót og menning			X	
Velferð og líðan barna			X	
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun				X
Viðhorf foreldra			X	
Innra mat				
Framkvæmd				
Gagnaöflun og vinnubrögð				
Opinber birting og umbætur				

Umsögn foreldraráðs Kvistaborgar

Foreldraráð hefur yfirfarið starfsáætlun Kvistaborgar 2018-2019 og skrifar hér umsögn samkvæmt 11. grein Leikskólalaga númer 90/2008.

Að okkar mati er starfsáætlun Kvistaborgar metnaðarfull og vel unnin. Allar deildirnar þrjár hafa unnið vel að umbótaráætlunum og má vel sjá að mikið er lagt í að skapa vinalegt, lærdómsríkt og skapandi umhverfi fyrir börnin.

Helstu verkefni sem standa upp úr að okkar mati eru eftirfarandi; Lubbi finnur málbein, Vinaverkefni Barnaheilla með Blæ, tónlistarkennsla og skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku. Þessi verkefni sinna öll mikilvægri fræðslu fyrir börnin og lýsum við yfir ánægju yfir því hversu vel hefur tekist að framkvæma þessi verkefni á hátt sem börnunum finnst bæði athyglisverður og skemmtilegur.

Gott samstarf hefur verið á milli Kvistaborgar og Fossvogsskóla, en slíkt er mikill styrkur og auðveldar elstu nemendum leikskólans þann flutning sem tekur við næsta haust.

Almenn ánægja er með þær endurbætur sem hafa verið gerðar á húsnæðinu síðastliðið ár. Nú standa, yfir endurbætur á leikskólalóðinni sem við teljum að muni vera bæði börnum og starfsfólki til góðs.

Foreldraráð er heilt á litið mjög ánægt með það góða starf sem starfsfólk Kvistaborga er að vinna með börnunum. Upplýsingaflæði á milli leikskóla og foreldra er almennt mjög gott og hefur verið vel mætt á hina ýmsu viðburði.

Guðný Birna Ármannsdóttir
Halldóra Birta Magnúsdóttir
Hildigunnur Jónsdóttir